


VELFERÐARSTEFNA VESTURLANDS





SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

| Útgáfudagur

12. mars 2020

| Útgáfustaður

Snæfellsbær

| Hönnun og umbrot

Anton Jónas Illugason

| Letur

Skrift 170 — Gnax Type

Caslon Pro — Adobe

| Prentun

Steinprent

Litróf

EFNISYFIRLIT

STÖÐUGREINING	6
Hamingja á Vesturlandi.....	8
Heilbrigðismál.....	10
Öldrunarmál.....	14
Eignarhald öldrunarheimila.....	16
Samanburður á málefnum aldraðra.....	16
Félagsþjónusta og málefni fatlaðra.....	19
Starfsendurhæfing.....	22
Lýðheilsa.....	23
Forvarnir.....	23
Íþróttir og tómstundir.....	24
Lýðheilsuvísar.....	24
FRAMTÍÐARSÝN	28
MARKMIÐ OG AÐGERÐIR	32
HEIMILDASKRÁ	44

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hefur að undanfögnu í auknum mæli farið í stefnumótunarvinnu fyrir Vesturland og má segja að góð reynsla af vinnu við Samgönguáætlun Vesturlands hafi ýtt undir frekari vinnu við stefnumótun málaflokka. Í kjölfar sameiginlegs fundar stjórnar ssv og yfirmanna hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands síðla árs 2017 þar sem rætt var um sameiginlega hagsmuni aðila kviknaði sú hugmynd að gott væri að fara yfir stöðuna á Vesturlandi og kanna hvað hægt væri að gera til að efla velferðarþjónustu á Vesturlandi og styrkja stöðu landshlutans gagnvart fjárveitingavaldinu.

Fulltrúar hagsmunaaðila funduðu í kjölfarið og niðurstaðan var sú setja af stað vinnu við velferðarstefnu Vesturlands. Skipaður var sérstakur starfshópur til að vinna að verkefninu sem tók til starfa vorið 2018 og voru eftirtaldir aðilar skipaðir í hópinn. Raket Óskarsdóttir, formaður ssv sem jafnframt var formaður hópsins, Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs á Akranesi, Lúðvík Gunnarsson, deildarstjóri æskulýðs- og forvarnarmála í Þorpinu á Akranesi, Hafdís Bjarnadóttir, varformaður ssv, Björn Bjarki Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Brákarhlíðar í Borgarnesi, Thelma Hrunn Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Starfsendurhæfingar Vesturlands og Sigrún Erla Sveinsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Sigrún lét af störfum snemma sumars og þá tók Jóhanna Fjóra Jóhannsdóttir forstjóri HVE sæti hennar. Einnig hefur Rósa Marinósdóttir frá HVE setið fundi.

Með starfshópnum unnu Jóhanna Marín Björnsdóttir og Páll S. Brynjarsson starfsmenn ssv, auk þess sem fleiri starfsmenn ssv komu að ákveðnum þáttum við skýrslugerðina.

Meginverkefni hópsins var að vinna tillögu að heildstæðri velferðarstefnu fyrir Vesturland sem inniheldur framtíðarsýn, markmið og tillögu að aðgerðum til að nálgast þau markmið sem fram eru sett.

Í STEFNUNNI VERÐUR TEKIÐ Á EFTIRFARANDI ÞÁTTUM;

- › Heilbrigðisþjónusta
- › Öldrunarþjónusta
- › Félagsþjónusta og þjónusta við fatlaða einstaklinga
- › Starfsendurhæfing
- › Æskulyðsmál og forvarnir


MARKMIÐIÐ MEÐ GERÐ VELFERÐARSTEFNU ER FYRST


OG FREMST FJÓRÞÆTT:

- › Að stefnan verði leiðarljós fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög og aðra þá sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi.
- › Að stefnan stuðli að því að þjónusta við íbúa verði eflid
- › Að stefnan stuðli að auknu samstarfi og samráði þeirra aðila sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi.
- › Að stefnan nýtist sem verkfæri í samskiptum heimaaðila og stjórnvalda varðandi uppbyggingu þjónustu og fjármögnun hennar.

Við vinnu við stöðugreiningu á velferðarþjónustu á Vesturlandi var m.a. stuðst við íbúakannanir sem Vífill Karlsson vann á Vesturlandi fyrir ssv árið 2016 og í öðrum landshlutum árið 2017. Þessar kannanir nýttust til að skoða viðhorfa íbúa til ýmissa þjónustuþátta á Vesturlandi og bera niðurstöðurnar saman við aðra landshluta. Þá var stuðst við vinnu við Sóknaráætlun Vesturlands, en á annað hundrað Vestlendinga komu að þeirri vinnu á sínum tíma og þar koma fram helstu áherslur þeirra sem að áætluninni unnu varðandi velferðarmál. Þá voru lýðheilsuvísar Landlæknisembættisins notaðir til þess að afla vísbendinga um stöðuna og hvar skóinn krepur. Auk þess fundaði Jóhanna Marín með ýmsum starfsmönnum og kjörnum fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi, starfsfólki í Velferðarráðuneytinu og ýmsum aðilum sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi.

STÖÐUGREINING





Í þessum kafla er farið yfir stöðu í heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, málefnum eldri borgara, íþrótta- og æskulýðsmálum, forvörnum og starfsendurhæfingu á Vesturlandi.


I HAMINGJA Á VESTURLANDI

Til að átta sig á almennri stöðu og líðan íbúa er oft stuðst við spurningar sem eiga að mæla hamingju íbúa.

Samkvæmt íbúakönnun sem Vífill Karlsson gerði árið 2016 eru Vestlendingar í heildina undir meðaltali þegar þeir eru spurðir út í HVE hamingjusamir þeir eru. Íbúar á Akranesi og í Hvalfirði eru þeir einu sem eru yfir meðallagi. Það sem er einnig athyglisvert við þessar tölur er að ungt fólk virðist óhamingjusamara en þeir sem eldri eru, það má sérstaklega sjá á Akranesi, Hvalfirði og í Dölunum (Vífill Karlsson, 2018).

Hamingju er erfitt að skilgreina. Sumir tengja hamingju við velgengi í lífinu, aðrir tengja hana við eigin heilsu og aðrir við samverustundir með fjölskyldu og vinum. Það er því margt sem gæti haft áhrif á þessar niðurstöður. Það má þó ætla að velferð einstaklinga hafi áhrif á hamingju þeirra.


HVERSU HAMINGJUSAMIR TELJA VESTLENDINGAR SIG VERA?



Mynd 1. Hversu hamingjusamir telja Vestlendingar sig vera? Mynd: Vífill Karlsson.

2 HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þjónustan er veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita. Kjarnastarfsemin skiptist í þrjá flokka eftir meginviðfangsefnum þ.e. heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið. Starfsstöðvar á Vesturlandi eru á Akranesi, Borgarnesi, Búðardal, Grundarfirði, Ólafsvík og Stykkishólmi. Hafa ber í huga að starfssvæði HVE er nokkuð stærra en Vesturland, en það nær einnig yfir Húnaþing vestra, Strandir og Reykhólahrepp.



Mynd 2. Starfssvæði HVE.

HEILSUGÆSLUSVIÐ

Hlutverk heilsugæslusviðs er að veita lækniþjónustu, hjúkrun, heilsvend, forvarnir, slysa- og bráðaþjónustu og annast sjúkraflutninga. Heilsugæslustöðvar eru á Akranesi, Borgarnesi, Búðardal, Grundarfirði, Ólafsvík og Stykkishólmi

SJÚKRASVIÐ


Hlutverk sjúkrasviðs er að starfrækja umdæmissjúkrahús á Akranesi með almennri sjúkrahúsþjónustu og sérfræðiþjónustu. Þá eru almenn sjúkrarými og deild sem sinnir sérhæfðri meðferð við háls- og bakverkjum í Stykkishólmi.

HJÚKRUNARSVIÐ

Hlutverk hjúkrunarsviðs er að starfrækja hjúkrunarrými á starfsvæðinu þar sem slík þjónusta er ekki veitt af öðrum, en þetta á ekki við á Vesturlandi.

Samkvæmt áðurnefndri íbúakönnun kemur fram að heilsugæsla skiptir miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu á Vesturlandi. Almennt séð eru íbúar sáttir við þá heilsugæslu sem er til staðar á Vesturlandi (Vífill Karlsson, 2017). Ánægjan með heilsugæslu á Vesturlandi var mest í Döllum, Akranesi og í Hvalfirði (Vífill Karlsson, 2018).

STAÐAN Á HEILSUGÆSLU



Mynd 3. Staðan á heilsugæslu. Mynd: Vífill Karlsson.

3 ÖLDRUNARMÁL

Á Vesturlandi eru dvalar- og hjúkrunarheimili staðsett á Akranesi, Borgarbyggð, Snæfellsbæ, Grundarfirði, Stykkishólmi og Dalabyggð.

Árið 2017 tók Velferðarráðuneytið saman fjölda hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými. Taflan var uppfærð í samráði við forsvarsmenn öldrunarstofnana á Vesturlandi haustið 2018.

Öldrunarheimili & stofnanir	Almenn hjúkrunarrými	Önnur rými	Dvalarrými	Dag-dvalarrými
Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi	60	4*	9	20
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	—	15*	—	—
Brákarhlíð, Borgarnesi	35	2*	17	4
Jaðar, hjúkrunar- og dvalarheimili, Ólafsvík	12	—	5	2
Fellaskjól, hjúkrunar- og dvalarheimili, Grundarfirði	10	—	2	1
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	14	—	3	2
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi	—	7	—	—
Silfurtún, hjúkrunar- og dvalarheimili, Dalabyggð	10	—	2	—
Fellsendi, hjúkrunarheimili, Dalabyggð	—	26**	—	—


*Biðrými

**Geðhjúkrunarrými

Tafla 1. Fjöldi hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýma á Vesturlandi. Gögn Stjórnarráðs Íslands.

Fellsendi í Dalabyggð þjónar öllu landinu. Á Höfða voru fjögur hjúkrunarrými tímabundið til 31.12.2018 vegna fráflæðisvanda LSH og tvö hjúkrunarrými á Brákarhlíð til 31.12.2018. Á HVE eru 15 biðhjúkrunarrými tímabundin vegna fráflæðisvanda LSH (Stjórnarráð Íslands, 2017).

STAÐAN Á MÁLEFNUM ALDRAÐRA



Mynd 4. Staðan á málefnum aldraðra. Mynd: Vífill Karlsson.

Eignarhald öldrunarheimila

Hjúkrunarrými eru fjármögnuð með daggjöldum frá ríkinu. Sveitarfélög reka hjúkrunar- og dvalarheimili á Akranesi, Ólafsvík, Stykkishólmi og Dölnum. Brákarhlíð í Borgarnesi og Fellaskjól í Grundarfirði eru sjálfseignarstofnanir. Fellsendi er einnig sjálfseignarstofnun, en starfssvæði Fellsenda er allt landið.

Samanburður á málefnum aldraðra

Samkvæmt íbúakönnun ríkir ánægja meðal Vestlendinga varðandi málefni aldraðra. (Vífill Karlsson, 2017).

Það vekur athygli að ungt fólk virðist vera óánægðara með stöðu hjúkrunar- og dvalarheimila heldur en eldra fólk. (Vífill Karlsson, 2017).

Íbúar á Vesturlandi eru þeirrar skoðunar að þjónusta við aldraða sé betri inn á hjúkrunar- og dvalarheimilum en ef eldra fólk býr áfram heima. (Vífill Karlsson, 2017).

Nýlega kom út skýrsla á vegum Norrænu nefndarinnar NOMESKO. Skipuð var nefnd með fulltrúum frá fimm Norðurlöndum auk Færeyja. Í skýrslunni má lesa um heilsufar og aðstæður eldra fólks á Norðurlöndum. Þróun heildarmannfjölda er á þann veg að hlutfall eldra fólks fer hækkandi á öllum Norðurlöndunum. Árið 2015 voru nær 14% af íbúum Íslands eldri en 65 ára og er búist við því að þessi hópur verði komin yfir 20% árið 2040 (Embætti landlæknis, 2018-a). Með hækkandi aldri verða meiri líkur á sjúkdómum. Þess vegna er mikilvægt að hafa öflugt forvarnarstarf fyrir alla aldurshópa samfélagsins. Fræða þarf einstaklinga um mikilvægi þess að taka ábyrgð á eigin heilsu og stuðla að umhverfi sem gerir þeim kleift að stunda sína hreyfingu (Velferðaráðuneytið, 2012).

Þann 1. október 2018 tóku ný lög gildi um félagsþjónustu sveitarfélaga. Öldungaráð taka við verkefnum sem þjónustuhópar aldraðra hafa séð um. Gert er ráð fyrir því að öldungaráð verði starfandi í hverju sveitarfélagi eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál. Markmiðið með öldungaráði er að skapa samráðsvettvang þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða, framkvæmdina og þróun mála-
flokksins.

STAÐAN Á HJÚKRUNAR- OG DVALARHEIMILUM

5

4

3


2

1



Mynd 5. Staðan á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Mynd: Vífill Karlsson.

MAT ÍBÚA Á STÖÐU ÞJÓNUSTU VIÐ ALDRAÐA OG DVALARHEIMILA



Mynd 6. Mat íbúa á stöðu þjónustu við aldraða og dvalarheimila. Mynd: Vifill Karlsson.

4 FÉLAGSPJÓNUSTA OG MÁLEFNI FATLAÐRA

Félagspjónustur sveitarfélaga sinna lögum samkvæmt málefnum barna, ungmenna, fatlaðs fólks og aldraðra. Sveitarfélög veita félagslega ráðgjöf, stuðning vegna húsnæðis-, fjárhags- eða vímuefnavanda og félagslega heimaþjónustu (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Markmið félagspjónustu sveitarfélaga er að tryggja íbúum fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð. Það gera sveitarfélögin með því að aðstoða þá sem standa höllum fæti, veita aðstoð svo að fólk geti búið sem lengst á eigin heimili og tryggja uppeldisskilyrði barna. Einstaklingar eru hvattir til að bera ábyrgð á sjálfum sér og öðrum, einstaklingar eru styrktir til sjálfshjálpar og er sjálfákvörðunarréttur þeirra virtur (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Félagspjónusta er veitt í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Við yfirfærslu á málaflokki fatlaðra til sveitarfélaga undirrituðu sveitarfélög á Vesturlandi samning þess efnis að mynda sameiginlegt þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða. Þrjú félagspjónustusvæði sjá um þjónustu við fatlaða umfram grunnþjónustu (s.s. ráðgjöf, búsetuþjónustu, stuðningsfjölskyldur). Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (ssv) ber ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart sveitarstjórnnum og sér um að útdeila framlagi Jöfnunarsjóðs og hluta af útsvarstekjum sveitarfélaganna sem komu til við yfirfærslu verkefnisins á þessi þrjú félagspjónustusvæði sem eru eftirfarandi:

- › Félagspjónusta Akraneskaupsstaðar sem þjónustar Akranes og Hvalfjarðarsveit
- › Félagspjónusta Borgarbyggðar sem þjónustar Dalabyggð, Skorradal og Borgarbyggð
- › Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga sem þjónustar Snæfellsbæ, Grundarfjörð, Stykkishólm, Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshrepp.

Samhæfing á milli þjónustusvæðanna er í höndum þjónusturáðs sem er skipað fulltrúum frá Akraneskaupstað, Borgarbyggð og Skóla- og félagspjónustu Snæfellinga.

Samkvæmt íbúakönnuninni frá 2016 kemur í ljós að íbúar á Vesturlandi telja málefni fatlaðra vera mikilvægan þátt fyrir samfélagið.

Í samanburði við allt landið telja íbúarnir að málefni fatlaðra séu orðin mikilvægari en áður, en á sama tíma hefur staða þeirra versnað. Af sveitarfélögum á Vesturlandi koma Dalirnir verst út úr könnuninni, en Akranes og Hvalfjörður komu best út. Borgarbyggð og Snæfellsnes eru rétt fyrir ofan meðaltal. Almennt er fólk sem býr í sveitum ósáttara með stöðu fatlaðra heldur en þeir sem búa í þéttbýli (Vífill Karlsson, 2017: 2018).

Þann 1. október 2018 tóku ný lög gildi um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál). Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga mun þessi löggjöf hafa allviðtæk áhrif á þjónustu sem sveitarfélög sjá um að skipuleggja og veita. Meðal þeirra markmiða sem stefnt er að er innleiðing Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks svo og verður notenda-stýrð persónuleg aðstoð (NPA) lögfest þjónustuform. Þetta þjónustuform á að hafa fengið fulla innleiðingu í síðasta lagi árið 2022 en verður endurskoðað 1. október 2021 (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2018-a).

Með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er m.a. fallið frá því fyrirkomulagi sem sett var á árið 2011 um að þjónustusvæði fyrir fatlað fólk yrðu að vera að lágmarki með 8.000 íbúa. Þess í stað verður tekið upp sama fyrirkomulag og hefur gilt í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þar sem sveitarfélögum er í raun frjálst að sameinast um þjónustusvæði eftir því sem best hentar. Væntanlega mun þetta hafa áhrif á núverandi samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra.

STAÐAN Á MÁLEFNUM FATLAÐRA



Mynd 7. Staðan á málefnum fatlaðra. Mynd: Vífill Karlsson.

5 STARFSENDURHÆFING

Starfsendurhæfing Vesturlands var stofnuð í lok árs 2014 og hóf starfsemi í byrjun árs 2015. Stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stéttarfélag Vesturlands, Verkalyðsfélag Akraness og Vinnumálastofnun á Vesturlandi. Starfsemi er fjármögnuð í gegnum Virk sem kaupir þjónustu af Starfsendurhæfingu Vesturlands. Hlutverk hennar er að veita starfsendurhæfingu til einstaklinga sem standa utan vinnumarkaðar vegna slysa, veikinda eða annarra aðstæðna. Markmiðið er að efla starfsgetu og styðja við endurkomu á vinnumarkað.

Þjónustan er einstaklingsbundin þar sem þverfaglegt teymi kemur að málum en endurhæfingin fer einnig að miklu leyti fram í hóp. Unnið er með heilsutengda þætti, viðhorf og aðra þætti sem hindra einstaklingin í að vera á vinnumarkaði s.s. eflingu sjálfstrausts, þjálfun samskipta, skert úthald, efla vinnuhlutverkið, finna nýja styrkleika o.fl..

Tækifæri í samfélaginu eru nýtt til starfsendurhæfingar og er samvinna við íþróttamannvirki, framhaldsskóla, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, stofnanir og fyrirtæki.

Aðsetur starfsendurhæfingar er á Akranesi og eru flestir á því svæði að nýta staðbundna þjónustu.

6 LÝÐHEILSA

„Lýðheilsa er samheiti yfir heilsuvernd og forvarnir. Lýðheilsustarf miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks og byggist á samstarfi ólíkra fræðigreina og tekur meðal annars til félags-, umhverfis- og efnahagsmála“ (island.is, e.d.).

Stuðla þarf að því að auka þekkingu og ábyrgð almennings á eigin heilsu. Mikilvægur þáttur í því er að auka aðgengi almennings að áreiðanlegum upplýsingum um heilsu og áhrifaþætti hennar. Heilsuvera (heilsuvera.is) er vefur fyrir almenning sem hefur það markmið að koma á framfæri áreiðanlegum upplýsingum um þroska, heilsu, sjúkdóma, forvarnir o.fl. fyrir alla aldurshópa.

Forvarnir

Forvarnir geta beinst að einstaklingum, hópum eða samfélaginu öllu. Forvarnir eru verkfæri sem á að nota til að efla heilbrigði og fyrirbyggja ýmsa sjúkdóma. Forvarnarstarf er mikilvægt öllum aldurshópum. Á barnsaldri þarf fræðsla og eftirfylgni að vera til staðar. Sem dæmi er bólusetning mikilvæg forvörn. Á unglingsaldri verður forvarnarstarf með öðrum hætti þó fræðsla sé enn mikilvæg. Þar þarf að fylgjast með hegðun unglinga, hvort vandamál séu til staðar og hvatning er mikilvæg. Fyrir eldri aldurshópa er hvatning til hreyfingar dæmi um forvörn. Forvörnum má skipta í almennar og sértækar forvarnir. Almennar forvarnir miða að siðum og venjum í hverju samfélagi á meðan sértækar forvarnir miða að ákveðnum hóp, sem dæmi áhættuhóp í fíkniefna-neyslu. Mæðra- og ung barnavernd, leikskóli, íþróttir og tómsundur skipa stóran sess í forvarnarstarfi. Þetta er vettvangur sem þarf að nýta til að koma mikilvægum skilaboðum á framfæri.

Sum sveitarfélög hafa sína forvarnarstefnu og önnur ekki. Sem dæmi hefur Hvalfjarðarsveit útbúið bækling með sinni forvarnarstefnu. Akraneskaupstaður gaf út Velferðarstefnu árið 2013 og þar má lesa um almennar og sértækar forvarnir. Það er mismunandi eftir sveitarfélögum hvernig forvarnarstarfi er háttað.

Íþróttir og tómstundir

Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi er öflug forvörn og minni líkur eru á að einstaklingar sem eru virkir í íþróttum og tómstundum leiðist út í frávikshegðun. Þátttaka í íþróttum og tómstundum getur einnig tengst betri líðan, meiri sjálfsvirðingu, betri námsárangri og jákvæðari líkamsmynd (Íþróttá- og ólympíusamband Íslands, e.d.).

Skipulagt íþróttá- og tómstundastarf í sveitarfélögum á Vesturlandi eru með misjöfnum hætti.

Samkvæmt íbúakönnuninni frá 2016 er mismikil ánægja með íþróttastarf á Vesturlandi (Vífill Karlsson, 2017). Ef íþróttastarf á Vesturlandi er borið saman við aðra landshluta er ánægjan vel yfir meðaltali á Akranesi og í Hvalfirði, Snæfellsnes og Borgarfjarðarsvæði eru rétt fyrir neðan meðaltal en Dalirnir eru þar neðst. Fólk sem býr í sveitum er óánægðara með íþróttastarf heldur en þeir sem búa í þéttbýli. Í þessari könnun féllu tækifæri til íþróttá- og tómstundaiðkunar undir yfirheitið íþróttir (Vífill Karlsson, 2018).


Í áðurnefndri íbúakönnun eru misjafnar skoðanir á gæðum unglingsstarfs á Vesturlandi. Sveitarfélögin eru ólík og má sjá að íbúar í dreifbýli eru ósáttari við unglingsstarf heldur en aðrir. Má gera ráð fyrir að ástæðan sé sú að erfiðara er fyrir ungmenni að stunda tómstundastarf vegna fjarlægðar. Tómstundaakstur hefur mikil áhrif á aðgengi ungmenna að íþróttum og tómstundum, en í viðtölum kom fram að mikil ánægja er með aksturinn þar sem hann er til staðar.

Lýðheilsuvísar

Embætti landlæknis gefur út lýðheilsuvísa sem er mælikvarði sem er notaður til að gefa vísbendingar um heilsu og líðan í hverju heilbrigðisumdæmi á Íslandi. Sveitarfélög geta notað lýðheilsuvísa sem verkfæri til að efla heilbrigðisþjónustu og gera samfélög heilsusamlegri.

Hægt er að hafa áhrif á heilbrigði með ýmsum hætti eins og með hollu matarræði, hreyfingu, samskiptum við fjölskyldu og vini. Embætti landlæknis starfar í gegnum Heilsueflandi samfélag og Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla. Gögn sem notuð eru koma úr heilbrigðisskrám og könnunum Landlæknis, frá Hagstofu Íslands, Sjúkra- tryggingum Íslands, könnunum Rannsóknar og greiningar og Mennta- málastofnun (Embætti landlæknis, 2018-b).


STAÐAN Á ÍPRÓTTUM Í SVEITARFÉLÖGUM



Mynd 8. Staðan á íþróttum í sveitarfélögum. Mynd: Vífill Karlsson.


Í nýjasta lýðheilsuvísi er ýmsar athyglisverðar niðurstöður. Þar kemur fram að starfsvæði HVE er frábrugðið öðrum landshlutum að því leiti að streita fullorðinna er minnst á landinu, þátttaka 4 ára barna í bólu-setningum er mest á landinu og kannabisneysla fullorðinna er undir landsmeðaltali. Þrátt fyrir þessar góðu niðurstöðu eru einnig niðurstöður sem vert er að taka til athugunar. Hlutfall þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman er hærra á starfsvæði HVE en annars staðar og eru hlutfallslega fleiri sem meta heilsu sína slæma. Þá er þátttaka barna í skipulögðu íþróttastarfi undir landsmeðaltali (Embætti landlæknis, 2018-b).


STAÐAN Á UNGLINGASTARFI



Mynd 9. Staðan á unglिंगastarfi. Mynd: Vífill Karlsson.

FRAMTÍÐARSÝN







Hér að neðan kemur fram lýsing á því hvernig starfshópurinn sér fyrir sér að velferð íbúa á Vesturlandi verði á næstu árum og stefnt verði markvisst að.

Á VESTURLANDI VERÐI GOTT AÐ BÚA VEGNA ÞESS AÐ:

- › Íbúar Vesturlands taka ábyrgð á eigin heilsu með því að nýta sér fróðleik og hvatningu opinberra aðila um að stunda heilsueflingu og heilbriggt lífni.
- › Börn og ungmenni á Vesturlandi fá tækifæri til að alast upp við þær aðstæður sem stuðla að jákvæðum andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska þeirra.
- › Félags- og heilbrigðisþjónusta með sérstakri áherslu á geðheilbrigði stendur íbúum á öllum aldri til boða.
- › Íbúar á Vesturlandi sem eru með skerta starfsgetu fá aðstoð, hvatningu, stuðning og tækifæri til að vera þátttakendur á vinnumarkaði.
- › Öldruðum er gert kleyft að búa sem lengst á eigin heimili
- › Búið er að samræma og auðvelda aðgengi íbúa á Vesturlandi að upplýsingum er varðar velferðarþjónustu

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR





Meginmarkmiðin sem starfshópurinn leggur til að unnið verði eftir til að velferðarstefna Vesturlands verði virk og nýttist íbúum eru eftirfarandi:

Foreldrum á Vesturlandi verði boðið upp á markvissa fræðslu og stuðning til að rækja uppeldisskyldur sínar í síbreytilegu þjóðfélagi.

AÐGERÐ:

- › Sveitarfélög, heilbrigðisstofnanir og framhaldsskólar vinni saman að því að skipuleggja fræðslu til foreldra. Horft verði til m.a. til lýð heilsuvísa í heilbrigðisumdæmi Vesturlands og annarra niðurstaðna rannsókna á heilsu og líðan íbúa þ.m.t. barna og ungmenna sem framkvæmdar eru á svæðinu í þessari samvinnu og skiplagi á fræðslu
- › Sveitarfélög, heilbrigðisstofnanir og framhaldsskólar standi m.a. fyrir fræðslu fyrir foreldra um mikilvægi samverustunda, hvernig hægt er að draga úr streitu í umhverfi barna og fjölskyldna, mikilvægi þátttöku barna þeirra í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi og mikilvægi þátttöku foreldra í tómstundastarfi barna og ungmenna
- › Þau sveitarfélög sem nú þegar standa fyrir fræðslu um áhrif snjalltækjanotkunar, áhrif vímuefnaneyslu, mikilvægi hreyfingar og hollrar næringar verði fengin til að miðla þekkingu og fræðslu til annarra sveitarfélaga á Vesturlandi. Það mun leiða til þess að hægt verður að bjóða börnum og ungmönnum á Vesturlandi upp á reglulega fræðslu um áhrif snjalltækjanotkunar, áhrif vímuefnaneyslu, mikilvægi hreyfingar og hollrar næringar

MÆLIKVARÐI:

- › Skráning fyrirlestra og fræðslustunda

TÍMAMÖRK: Upphaf haustið 2020, endurskoðað árlega

ÁBYRGÐARAÐILI: SSV í samstarfi við sveitarfélög

Skapa börnum og ungmennum tækifæri og vettvang til að láta skoðanir sínar í ljós, í samræmi við aldur þeirra og þroska, í þeim málum sem varða búsetu þeirra á Vesturlandi og áhrif á ákvarðanatöku í þeirra sveitarfélagi.

AÐGERÐ:

- › Ungmennaráð verði starfandi í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi
- › Stofnað verði sameiginlegt ungmennaráð Vesturlands
- › Ungmennafing á Vesturlandi verði haldin þriðja hvert ár

MÆLIKVARÐI:

- › Fjöldi ungmennafinga og aðsókn ungmenna á Vesturlandi
- › Fjöldi ungmennaráða á Vesturlandi
- › Ungmennaráð Vesturlands taki til starfa
- › Sveitarfélög skrái þau verkefni þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar um málefni sem þau varðar

TÍMAMÖRK: Vorið 2020

ÁBYRGÐARADILI: SSV í samstarfi við sveitarfélög

Mikilvægi þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu tómstundastarfi eru ótvírætt. Áhersla verði lögð á að börn og ungmenni á Vesturlandi fái tækifæri til að stunda og njóta íþróttá- og tómstundastarfs eins og kostur er út frá eigin áhuga og forsendum með það að markmiði að þátttaka barna og ungmenna verði yfir landsmeðaltali í skipulögðu frístundastarfi. Unnið verði að því að efla samstarf forsvarsmanna í íþróttá- og tómstundastarfi á Vesturlandi.

AÐGERÐ:

- › Tómstundaakstur verði eflur. ssv í samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi setji af stað átaksverkefni um að efla tómstundaakstur úr dreifbýli og á milli þéttbýlisstaða
- › Fulltrúum íþróttá- og tómstundafélaga verði boðin fræðsla um hvaða leiðir eru færar til að bjóða börnum og ungmenum, með sérstakri áherslu á þátttöku fatlaðra, upp á fjölbreytt íþróttá- og tómstundastarf. Tilboð um fræðslu verður unnið í samstarfi við ÍSÍ og UMFÍ
- › ssv í samstarfi við sveitarfélögin, íþróttahreyfinguna, tómstundafélög og skóla á Vesturlandi setji af stað átaksverkefni til að auka þátttöku barna og unglínga af erlendu bergi brotin í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi
- › Fulltrúar þeirra aðila sem eru í forsvari hjá sveitarfélögum fyrir frístunda- og tómstundastarfi barna og ungmenna hittist a.m.k. einu sinni á ári og fari yfir stöðuna í sínu sveitarfélagi og miðli reynslu og þekkingu sín á milli

MÆLIKVARÐI:

- › Fylgst verði með fjölda skráninga í íþróttum og tómstundum í samvinnu við íþróttá- og æskulýðsfélög
- › Skráning á fjölda ferða í tómstundaakstri
- › Skráning funda forsvarsmanna í íþróttá- og tómstundastarfi á Vesturlandi

TÍMAMÖRK: Upphaf vorið 2020, endurskoðað árlega

ÁBYRGÐARAÐILI: ssv í samstarfi við íþróttá- og tómstundafélög sem og sveitarfélög

Heilsa og vellíðan íbúa á Vesturlandi verði höfð að leiðljósi í starfi sveitarfélaga og ríkisstofnana á svæðinu.

AÐGERÐ:

- › Staðið verði vörð um heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi og áfram verði unnið markvisst að því að biðtími verði í samræmi við viðmið Embætti Landlæknis
- › Sveitarfélög í samstarfi við HVE vinni að samræmdum gæðaviðmiðum í velferðarþjónustu á Vesturlandi
- › Sveitarfélög í samstarfi við HVE leiti leiða til að auka samstarf fagaðila og miðla þekkingu sín á milli með markvissu samstarfi t.d. með tilraunaverkefni eins og með „Endurhæfing í heimahúsi“
- › Markvisst verði unnið að því að efla geðheilbrigðisþjónustu og stytta biðtíma enn frekar með því að fá aukið fjármagn til málaflokksins frá ríkisvaldinu

MÆLIKVARÐI:

- › Staða fjárveitinga
- › Markviss yfirferð á gæðaviðmiðum, svo sem biðtíma, sem eru til staðar á hverjum tíma
- › Samstarfsaðilar skili af sér niðurstöðum um hvernig samstarfi gæti verið háttað
- › Staða stöðugilda og lengd biðtíma

Aldurssamsetning þjóðarinnar mun breytast á næstu áratugum og mun öldruðum fjölga hlutfallslega. Þessi þróun mun hafa viðtæk áhrif á skipulag og þróun velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Viðfangsefni framundan eru því fjölmörg en mikilvægi samstarfs og samráðs sveitarfélaga og heilbrigðisyfirvalda er nauðsynleg til að skapa íbúum tækifæri til að stuðla að góðri heilsu og líðan og til að búa sem lengst á eigin heimili.

AÐGERÐ:

- › Samráðshópur verði skipaður með fulltrúum frá sveitarfélögum, HVE og hjúkrunar- og dvalarheimilum sem hefur það hlutverk að leita leiða til að bregðast við þeirri þróun sem fylgja mun breytingum á aldurssamsetningu þjóðarinnar
- › Samráðshópurinn horfi m.a. til samstarfs og samþættingu á heimahjúkrun og stuðningsþjónustu, tilraunaverkefna og nýsköpunar í velferðarþjónustu í sinni vinnu
- › Tryggja að ávallt sé til staðar nauðsynlegur fjöldi dagdvalar-, hvíldar-, dvalar og hjúkrunarrýma

MÆLIKVARÐI:

- › Stofnun samráðshóps og skil á tillögum um samstarf og samþættingu á þjónustu
- › Fjöldi rýma

TÍMAMÖRK: Upphaf vorið 2020, skil á tillögum eigi síðar en í árslok 2020

ÁBYRGÐARAÐILI: SSV í samstarfi við sveitarfélög, HVE og öldrunarstofnanir

Að sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi taki þátt í starfs-
eflingu með því að ráða til starfa starfsmenn með skerta starfsgetu.

AÐGERÐ:

- › Kynningarfundir verða á Vesturlandi um hvaða tækifæri eru til staðar til að ráða starfsfólk með skerta starfsgetu til starfa og kynna breidd þess hóps

MÆLIKVARDI:

- › Skrásetning kynninga og ný ráðninga hjá sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum á starfsfólki með skerta starfsgetu

TÍMAMÖRK: Vorið 2020 verði búið að kynna hugmynd fyrir sveitar-
stjórnnum, stofnunum og fyrirtækjum á Vesturlandi

ÁBYRGÐARADILI: SSV í samstarfi við, Vinnuálastofnun, Starfsendur-
hæfingu Vesturlands og sveitarfélög

Heiltæk forysta í málefnum barna og fjölskyldna. Heiltæk forysta byggir á samábyrgð og samvinnu allra aðila samfélagsins með heildarsýn og velferð barna og fjölskyldna að leiðarljósi. Heiltækri forystu felur í sér samspil ólíkra kerfa og hugmynda sem sameinast í starfsháttum með börnum og fjölskyldum þvert á kerfi og faghópa. Nauðsynlegt er að styðja sveitarfélög og starfsfólk við að sameinast um nýja nálgun með fræðslu og þjálfun.

AÐGERÐIR:

- › Styðja umbætur í starfsháttum þeirra aðila sem vinna að málefnum barna og fjölskyldna s.s. félags-, skóla- og frístundaþjónustu og heilsugæslu
- › Styðja starfsfólk félags, skóla- og frístundaþjónustu og heilsugæslu til að afla sér aukinnar þekkingar og reynslu í gagnreyndum aðferðum og efla þannig hæfni þeirra í nýrri heiltækri nálgun í málefnum barna og fjölskyldna

MÆLIKVARÐI:

- › Skráning fyrirlestra og fræðslustunda. Sameiginleg yfirlýsing aðila samfélagsins um samstarf í málefnum barna og fjölskyldna

TÍMAMÖRK: Upphaf vor 2020, endurskoðað árlega

ÁBYRGÐARAÐILI: SSV í samstarfi við sveitarfélög og Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Mikilvægt er að hlúa vel að innflytjendum og gera aðlögun þeirra að íslensku samfélagi eins auðveldla og kostur er.

AÐGERÐ:

- › Sveitarfélögin á Vesturlandi setji sér stefnu í málefnum innflytjenda sem og móttökuáætlun þar sem skilgreindar verða leiðir og lausnir til þess að stuðla að betri aðlögun þeirra

MÆLIKVARDI:

- › Fjöldi sveitarfélaga sem setur sér stefnu og móttökuáætlun í mállefnum innflytjenda

ÁBYRGÐARAÐILI: SSV og sveitarfélögin á Vesturlandi

Öll þau markmið og þær aðgerðir sem settar eru fram í velferðarstefna Vesturlands eiga einnig við um fatlaða einstaklinga. Eftir sem áður er mikilvægt að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þeirra.

AÐGERÐ:

- › Sveitarfélög á Vesturlandi í sameiningu beiti sér fyrir því að fjárveitingar til málefna fatlaðra á Vesturlandi verði hækkaðar
- › Þjónusturáð um málefni fatlaðra á Vesturlandi verði starfrækt þar sem unnið verði að ýmsum verkefnum sem snerta þjónustu við fatlaða einstaklinga

MÆLIKVARÐI:

- › Staða fjárveitinga
- › Samningur um starfsemi þjónusturáðs og skráning funda

TÍMAMÖRK: Alltaf í gangi

ÁBYRGÐARAÐILI: Sveitarfélög á Vesturlandi

HEIMILDASKRÁ

Embætti landlæknis. (2018-a). Heilsa og aðstæður eldra fólks á Norðurlöndum. Talnabrunnur, 12(1), 1. Sótt af https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item34199/Talnabrunnur_Januar_2018.pdf

Embætti landlæknis. (2018-b). Vesturland: Lýðheilsuvisar 2018. Sótt af https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item35039/Lydheilsuvisar_2018_VESTURLAND.pdf

island.is. (e.d.). Lýðheilsa. Sótt af <https://www.island.is/thjonusta/heilsa/abyrgd-a-eigin-heilsu/lydheilsa/>

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands. (e.d.). Forvarnir. Sótt af <http://isi.is/fraedsla/forvarnir/>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2018-a). Ný lög samþykkt um þjónustu við fatlað fólk og félagsþjónustu sveitarfélaga. Sótt af <http://www.samband.is/frettir/felagsthjonusta-og-forvarnamal/thjonusta-vid-fatlad-folk-og-felagsthjonusta-sveitarfelaga>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2018-b). Öldungaráð og notendaráð í þjónustu við fatlað fólk. Sótt af <http://www.samband.is/frettir/felagsthjonusta-og-forvarnamal/oldungarad-og-notendarad-i-thjonustu-vid-fatlada>

Stjórnarráð Íslands. (2017). Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=29f6b755-83ff-11e6-80c8-005056bc217f#Tab3>

Vífill Karlsson. (2017). Íbúakönnun á Vesturlandi 2016: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Sótt af https://borgarbyggd.is/w-content/uploads/2017/11/Ibuakonnun_2016.pdf

Vífill Karlsson. (2018). Íbúakönnun á Íslandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða 19 landsvæða á landsbyggðum frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri. Sótt af http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf

Ípróttta og Ólympíusamband Íslands. (e.d.) Sýnum karakter.
Sótt af <https://www.synumkarakter.is/um-verkefni>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Félagsþjónusta sveitarfélaga. Sótt af
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/felagsthjonusta-sveitarfelaga/>

Velferðarráðuneytið. (2012). Heilbrigðisáætlun til ársins 2020.
Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettatengt2012/Drog_ad_heilbrigdisaaetlun.pdf



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi